

Fundargerð aðalfundar fjarskiptahóps Ský
Haldinn 15. okt. 2009 kl. 17:00 að Engjateigi 9

Dagskrá fundar:

1. Kosning fundarstjóra:

Fundarstjóri kosinn Bjarni Sigurðsson frá Póss og fjarskiptastofnun og ritari fundarins Harald Pétursson frá Nova.

2. Skýrsla stjórnar:

Sæmundur E. Þorsteinsson formaður félagsins frá Símanum fór yfir skýrslu stjórnar. Helstu atriði úr skýrslu stjórnar. Aðalfundurinn í ár var óvenju seint á ferðinni en stefnt er að því að aðalfundur ársins 2010 verði haldinn strax í janúar. Ákveðið hefur verið að fjarskiptahópurinn muni halda jólaráðstefnu félagsins sem verður í byrjun des og er komin fram tillaga að efni ráðstefnunnar verði IP TV/mobile TV. Í máli formanns kom m.a. eftirfarandi fram:

Óhætt er að segja að hin kalda hönd hrunsins hafi lagst yfir fjarskiptahópinn eins og aðra starfsemi Skýrslutækni félagsins. Hrúnið hafði þær afleiðingar að funda- og ráðstefnuhald lagðist nærri af og lítil aðsókn varð að þeim fáu fundum sem haldnir voru á vegum félagsins. Þetta hafði miklar neikvæðar afleiðingar á tekjur félagsins og reyndist nauðsynlegt að skera niður starfsemi þess verulega. Þannig var stöðugildum á skrifstofunni fækkað úr tveimur í hálf. Fjarskiptahópurinn gekkst þó fyrir tveimur atburðum sem haldnir voru á yfirstandandi ári:

Í stjórn hafa setið þau Sæmundur E. Þorsteinsson og Anna Björk Bjarnadóttir frá Símanum, Kjartan Briem frá Vodafone, Jón Ingi Einarsson frá RH net og Harald Pétursson frá Nova.

Anna Björk, Kjartan og Harald hafa öll ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram.

3. Stjórnarkjör:

Í stjórn sitja 5 aðilar, 5 aðilar eru í framboði og eru þeir þ.a.l. sjálfkjörnir fulltrúar nýrrar stjórnar. Ný stjórn er skipuð. Sæmundur E. Þorsteinsson frá Símanum er áfram formaður. Aðrir í stjórn Jón Ingi frá Rh net og svo koma 3 aðilar nýir inn í stjórn sem eru: Gunnar Ólafsson frá Nova, Theodór Carl Steinþórsson frá Vodafone og Guðmundur Daníelsson frá Fjarska.

4. Önnur mál:

Umræða um jólaráðstefnu og hvaða dagsætning væri best fyrir hana. Fjarskiptahópurinn tekur þau mál áfram. Þess má geta hér að fundurinn var frekar fámennur, 13 einstaklingar mættu á fundinn.

5. Erindi – Guðmundur Daníelsson tæknirekstrarstjóri Fjarska:

Erindi Guðmundar var um starfssemi og net Fjarska. Fyrirtækið varð til upp úr fyrrum fjarskiptadeild Landsvirkjunar og var stofnað árið 2000. Sinnir að stórum hluta raforkugeiranum, eins eru fjarskiptafélögin viðskiptavinir Fjarska. Í dag eru starfsmenn Fjarska 7 talsins.

Reykjavík, 15.okt. 2009

Harald Pétursson ritari fundar.